

UMBODSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Reykjavík, 12. október 2021

Mál nr. F91/2020

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir
dómsmálaráðherra
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

dmr@dmr.is

Hér með tilkynnist að umboðsmaður Alþingis hefur lokið athugun sinni á stjórnsýsluframkvæmd Útlendingastofnunar við meðferð umsókna um bráðabirgðadvalarleyfi og samspil þeirrar málsmeðferðar við meðferð Vinnumálastofnunar á umsóknum um tímabundin atvinnuleyfi.

Upphaflegt tilefni athugunarinnar var meðferð umboðsmanns á kvörtunarmáli einstaklings sem laut m.a. að því að honum hafi verið gert að greiða Útlendingastofnun 15.000 kr. gjald fyrir bráðabirgðadvalarleyfi og 12.590 kr. fyrir sjúkrakostnaðartryggingu í tengslum við umsókn um slíkt leyfi og umsókn um tímabundið atvinnuleyfi án þess að honum hefðu verið veitt leyfin. Það vakti athygli við athugun á málinu að af framsetningu á upplýsingum á vefsíðu Útlendingastofnunar mátti ráða að mál væru almennt lögð í þann farveg að aðili sækti um bráðabirgðadvalarleyfi og atvinnuleyfi á sama tíma og ekki væri möguleiki fyrir þá sem hingað koma að sækja eingöngu um bráðabirgðadvalarleyfi við komuna til landsins á meðan þeir væru í atvinnuleit. Af þessu tilefni var þess óskað að dómsmálaráðuneytið veitti umboðsmanni nánari upplýsingar um stjórnsýsluframkvæmd Útlendingastofnunar að þessu leyti og veitti upplýsingar um þær aðgerðir og úrræði sem kynni að vera gripið til í framhaldi af fyrirhugaðri athugun ráðuneytisins á framkvæmd stofnunarinnar.

Í svari dómsmálaráðuneytisins 18. janúar sl. kom m.a. fram að ráðuneytið hefði hafið yfirferð á framkvæmdinni með það að markmiði að skoða veitingu bráðabirgðadvalarleyfa án atvinnu svo hún samræmdist betur ákvæði 77. gr. laga nr. 80/2016, um útlendinga. Jafnframt væri verið að fara yfir hvort nauðsynlegt væri að óska eftir sjúkrakostnaðartryggingu í þeim tilvikum þegar umsækjendur um bráðabirgðadvalarleyfi sæktu um slíkt leyfi án atvinnu þar sem þeir umsækjendur ættu rétt á þjónustu samkvæmt 33. gr. laganna. Athugun ráðuneytisins væri þó ekki lokið og yrði umboðsmaður upplýstur um niðurstöður hennar þegar þær lögju fyrir.

Hinn 17. september sl. barst bréf frá ráðuneytinu þar sem fram kom að nánari skoðun málsins hefði leitt til þess að ákveðið hefði verið að hverfa frá framkvæmdinni og þess í stað yrði sótt um


kerfiskennitölur fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd. Myndi sú breyting leiða til þess að umsækjendur um vernd þyrftu ekki að sækja um bráðabirgðadvalarleyfi heldur fengju sjálfkrafa úthlutað kerfiskennitölu. Útlendingastofnun ynni að setningu verkferla vegna umsókna um kerfiskennitölu en stefnt væri að því að stofnunin sækti um slíkar kennitölur fyrir alla umsækjendur um alþjóðlega vernd. Slík framkvæmd rúmaðist vel innan gildandi löggjafar um skráningu einstaklinga. Hins vegar væri þörf á samstarfi við Þjóðskrá Íslands vegna breytinganna og hefði það samstarf hafist fyrir nokkru. Þá kom fram að Útlendingastofnun biði eftir leiðbeiningum frá Þjóðskrá um hvernig best væri að haga fyrirkomulaginu vegna umsókna um kerfiskennitölur fyrir þá umsækjendur um vernd sem nú þegar væru í kerfinu. Vonast væri til að ný framkvæmd yrði komin á fyrir árslok.

Þá er tekið fram í fyrrgreindu svari ráðuneytisins að megintilgangurinn með umsókn um bráðabirgðadvalarleyfi væri útgáfa kennitölu. Sú framkvæmd að úthluta kerfiskennitölum til allra umsækjenda um alþjóðlega vernd væri einfaldari, skilvirkari og fjárhagslega hagkvæmari fyrir bæði hið opinbera og umsækjendur um vernd. Viðkomandi þyrfti ekki að fylla út sérstakt eyðublað fyrir umsókn um bráðabirgðadvalarleyfi, afla viðeigandi gagna og skila þeim í afgreiðslu Útlendingastofnunar og greiða fyrir 15.000 kr. afgreiðslugjald. Útlendingastofnun þyrfti ekki heldur að skrá inn sérstaka umsókn um bráðabirgðadvalarleyfi, fylgigögn, óska eftir mögulegum viðbótargögnum eða taka sérstakar ákvarðanir sem birta þurfi umsækjendum. Loks segir í bréfinu að auk þess megi efast um réttmæti þess að opinber stofnun taki við umsókn um bráðabirgðadvalarleyfi frá umsækjanda um vernd, sem almennt sé í fremur bágri stöðu, og innheimti gjald fyrir umsóknina þegar heimild sé fyrir sjálfkrafa útgáfu kerfiskennitölu til allra umsækjenda um vernd.

Tilfni athugunarinnar var sá farvegur þessara mála að aðili gæti ekki sótt eingöngu um bráðabirgðadvalarleyfi á meðan viðkomandi væri í atvinnuleit og þyrfti þá að greiða t.d. sjúkrakostnaðartryggingu án þess að hafa atvinnu. Í ljósi svara dómsmálaráðuneytisins um þær breytingar á fyrirkomulagi þessara mála sem lýst er hér að framan tel ég ekki ástæðu til að halda athugun málsins áfram. Í ljósi þess að breytingarnar eru ekki að fullu komnar til framkvæmda mun þó áfram verða fylgst með þessum málum af hálfu embættisins og þau tekin til frekari athugunar ef efni eru til.

Undirritaður var kjörinn umboðsmaður Alþingis 26. apríl 2021 og fór með mál þetta frá 1. maí sama ár.

Virðingarfyllst,



Skúli Magnússon